

GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og eyðingu sorps á Akranesi.

1. gr.

Bæjarstjórn Akraness er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald (sorphirðu-, flutnings- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið greiðist árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 10.920 á íbúð, m.v. 240 l tunnu. Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.
- b) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar kr. 14.665 m.v. 240 l tunnu (lágmarkseining á hvern matshluta fasteignar). Gjaldið skal innheimta með álagningu fasteignagjalda.

3. gr.

Leiga 660 lítra kerja er kr. 11.500 með vsk. á ári, kr. 958 pr. mánuð.

Leiga 1.100 lítra kerja er kr. 12.900 með vsk. á ári, kr. 1.075 pr. mánuð.

Verð er með virðisaukaskatti og tekur breytingum skv. byggingavísitölu í janúar ár hvert. (Grunnvísitala 225,6 stig).

4. gr.

Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 3.225 fyrir tonnið, ekki mega vera neinar olfur, eldsneyti né kælivökvi á vélum.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 8.115 fyrir tonnið.

Fyrir flokkaðan pappír greiðast kr. 7.490 fyrir tonnið. Skila skal vigtarseðlum frá hafnarvog á móttökustað og er vigtarkostnaður innifalinn í verði. Verði sett upp vigt á starfssvæði Gámu er heimilt að innheimta afgreiðslu- og vigtargjald að fjárhæð kr. 747 með virðisaukaskatti við hverja afgreiðslu.

Fyrir blandað pressanlegt sorp greiðast kr. 10.090 fyrir tonnið, sé það sorp blandað ópressanlegum úrgangi sem nemur allt að 1/4 hluta farms skal greiða 33% álag, samtals kr. 13.420 fyrir hvert tonn og verði hlutfall ópressanlegs úrgangs það hátt að nota þurfi vélar við flokkun skal greiða 66% álag, samtals kr. 16.750 fyrir hvert tonn, virðisaukaskattur er innifalinn í ofangreindum verðum.

Fyrir klippikort m/vsk. greiðist kr. 6.000 fyrir A-kort, óendurvinnanlegt sorp. Fyrir B-kort, endurvinnanlegan bylgjupappír greiðist kr. 3.000 og fyrir C-kort endurvinnanlegt timbur greiðist kr. 3.000.

5. gr.

Fyrir grófan úrgang (steypu- og múrbrot, gler, jarðveg o.fl.) greiðast kr. 680 á rúmmetra. Innheimta samkvæmt 4., 5. og 6. gr. er með sérstökum reikningi, eindagi 30 dögum eftir útskrift reiknings.

6. gr.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds. Fyrir móttöku á stærri förmum af efnum sem ekki bera úrvinnslugjald er heimilt að innheimta fyrir útlögðum kostnaði. Innheimta skal greiðslu fyrir móttöku ís- og frystiskápa.

7. gr.

Almennir borgarar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það. Flutningsaðilar á sorpi á móttökustað ábyrgjast greiðslu móttökugjalda skv. gjaldskrá í þeim tilfellum sem viðkomandi aðili er ekki í viðskiptasambandi við Akraneskaupstað.

8. gr.

Húseigendum er í upphafi afhent 240 l sorptunna án endurgjalds og fyrirtæki eiga kost á 660 l og 1100 l íláti. Endurnýjun sorpíláta er á kostnað húseigenda.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akraness, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samþykkt um sorphreinsun á Akranesi nr. 728/1997 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Þannig samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn Akraness 18. desember 2003. Fyrri umræðan fór fram 25. nóvember 2003.

Akranesi, 22. desember 2003.

Jón Pálmi Pálsson bæjarritari.